

til lykta leiddur. Mátti fógæti því hafna beiðni sóknaraðila um að í fógætarétti færi fram sú skýrslutaka, sem óskað var eftir af þeirra hálfu. Ber að staðfesta hinn kærða úrskurð, en rétt er, að kærúmálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærúmálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 14. janúar 1988.

Nr. 12/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Agnari Viði Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. janúar 1988, sem barst Hæstarétti 8. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að varðhaldstíminn verði stytur. Þá krefst hann kærúmálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins. Er í því sambandi vísað bæði til 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Gögn málsins bera ekki með sér, að ástæða sé til að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr.

74/1974, en með vísan til 5. t.l. þessarar málsgreinar ber að staðfesta hinn kærða úrskurð, þó þannig, að varðhaldstíminn verði allt til mánudagsins 29. febrúar 1988 kl. 16:00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Agnar Viðir Bragason, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 29. febrúar 1988 k. 16:00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 5. janúar 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 5. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess að Agnari Viði Bragasyni, fæddum 16. september 1966, til lögheimilis að Hábergi 3 hér í borg, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 29. mars nk. kl. 16:00.

RLR vinnur nú að rannsókn innbrotspjófnaðar í rækjuverksmiðju Meyleyrar hf. á Hvammstanga. Kærði, Agnar Viðir Bragason, hefur viðurkennt að hafa brotist þarna inn aðfaranótt mánudagsins 4. þ.m. og stolið þar úr frystiklefa nálega hálfri smálest af fullunninni frystri rækju. Hefur hann greint svo frá, að sl. sunnudag hafi kona að nafni Járnbrá Guðríður Hilmarsdóttir tekið á leigu, að hans undirlagi, sendibíl á bílaleigu í Kópavogi. Þá um kvöldið hafi þau ásamt stúlku að nafni Dagný Kristinsdóttir ekið sem leið liggur norður á Hvammstanga þar sem framangreindur innbrotspjófandur hafi verið framinn. Stúlkurnar hafi einkum veitt honum liðsinni við innbrotspjófnaðinn á þann hátt, að þær hafi komið þýfinu fyrir í bifreiðinni, en að svo búnu hafi þau ekið til Reykjavíkur og verið komin þangað milli kl. 8 og 9 í gærmorgun. Kærði og stúlkurnar voru síðan handtekin á fjórða tímanum í gær og var þá þýfið enn í bifreiðinni.

RLR byggir kröfugerð sína á 5. t.l. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Er í því sambandi vísað til þess, að kærði hafi, þrátt fyrir ungan aldur, margitrekað verið dæmdur til fangelsisrefsingar, sem samtals nemi nú 45 mánuðum, en síðast hlaut kærði 8 mánaða fangelsisdóm fyrir skjalafals og fjársvik. Þeim dómi hefur hann áfrýjað.

Þann 25. júlí sl. lauk kærði afplánun margra mánaða fangelsisdóms, en strax daginn eftir braust hann inn í vöruhús Kaupfélags Árnesinga á Selfossi og stal þar rúmum 200.000 krónum. Fór hann örfáum dögum síðar til Evrópu þar sem hann hóf fljótlega brotastarfsemi, og afplánaði fangelsis-

refsingu í fangelsi í Luxemburg fyrir þau brot. Hinn 4. desember sl. kom kærði aftur til landsins að lokinni þeirri fangavist og viku síðar braust hann inn í Vinnufatabúðina við Hverfisgötu hér í borg ásamt kunningja sínum og stálu þar m.a. peningum. Þá hefur kærði viðurkennt að hafa gefið út innstæðulausa tékka að fjárhæð rösklega kr. 70.000,00 úr ávísanareikningi sem hann stofnaði við Alþýðubankann hf. eftir að hann kom að utan. Er það mál enn til rannsóknar hjá RLR. Loks er þess að geta að RLR hefur sent ríkissaksóknara til meðferðar fjögur kærumál á hendur kærða sem öll varða innbrot og þjófnaði.

Þegar allt framanritað er virt, er ljóst, að kærði er síbrotamaður sem einkum leggur fyrir sig að fremja þjófnaðar-, fjársvika- og skjalafalsbrot. Er auk þess í ljós leitt að hann aflar sér ekki lífsviðurværis með lögmætum hætti. Af þessum sökum þykir, með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, rétt að taka kröfu RLR til greina og gera kærða að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 29. mars nk. kl. 16:00.

Brot þau sem kærði er hér grunaður um geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 74, 1974.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Agnar Viðir Bragason, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 29. mars 1988 kl. 16:00.
